

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 37/2025

Reykjavík, 28. janúar 2025

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartúni 12  
105 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis hefur leitað Karl Viggó Vigfússon fyrir hönd LEV103 ehf. og kvartað yfir málsmeðferð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í tengslum við umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað félagsins. Nánar tiltekið lýtur kvörtunin að tafsamri meðferð málsins og því að erfitt hafi reynst fyrir félagið að átta sig á kröfum heilbrigðiseftirlitsins.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis, að umboðsmanni verði veittar upplýsingar um hvað líði meðferð framangreindrar umsóknar og hvenær afgreiðslu hennar sé að vænta.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 11. febrúar nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

  
Særún María Gunnarsdóttir



Umboðsmaður Alþingis  
Þórshamri,  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2025  
USK25010344

### Efni: Mál nr. 37/2025

Með bréfi umboðsmanns Alþingis, dags. 28. janúar 2025, var tilkynnt um kvörtun Karls Viggós Vigfússonar fyrir hönd LEV103 ehf. í tengslum við umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastað félagsins. Er það þannig álit kvartanda að meðferð málsins hafi verið tafsöm og að erfitt hafi reynt fyrir félagið að átta sig á kröfum heilbrigðiseftirlitsins.

Er þess óskað að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur veiti umboðsmanni upplýsingar um hvað líði meðferð framgreindrar umsóknar og hvenær afgreiðslu hennar sé að vænta.

### Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Málavextir eru þeir að umsókn um byggingarleyfi fyrir þegar gerðum framkvæmdum á húsnæði kvartanda þar sem umrædd starfsemi skal fara fram hefur ekki verið samþykkt. Tilkynning var send á kvartanda á island.is þann 5. febrúar 2025 þar sem fram koma athugasemdir byggingarfulltrúa.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal umsækjandi rekstrarleyfis sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggja fyrir og starfsemi standist skipulag. Útgáfa byggingarleyfis skv. ofangreindu er þar af leiðandi skilyrði fyrir því að umsókn viðkomandi um starfsleyfi verði tekið til endanlegrar afgreiðslu. Síðustu tölvupóstsamskipti Heilbrigðiseftirlitsins við kvartanda þar sem veittar voru leiðbeiningar varðandi umsókn starfsleyfisumsóknarinnar áttu sér stað þann 31. janúar 2025.

Virðingarfyllt,  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Magnea Lillý Friðgeirsdóttir  
*Lögfræðingur*